



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vestfjarða

Óskar Örn Gunnarsson
Aðalstræti 75
450 Patreksfjörður

30. júní 2026
MÍ202606-0135/ 6.09 / E.Í.

Þúfneyri. Tillaga að deiliskipulagi -Umsögn Minjastofnunar Íslands-

Með tölvubréfi dagsett 23.06.2026 óskaði Óskar Örn Gunnarsson eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi A2-1000 fyrir Þúfneyri í Patreksfirði. Um var að ræða uppfærslu á deiliskipulagi, eftir að fornleifaskráning var gerð af Náttúrustofu Vestfjarða.

Samkvæmt fornleifaskráningu Náttúrustofu Vestfjarða: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þúfneyri í Patreksfirði Maí 2026 NV nr. 07-26* eftir Atla Rúnarsson eru sex minjar innan skipulagssvæðisins á Þúfneyri. Allar minjarnar teljast í hættu vegna framkvæmda og leggja ber áherslu á að allar minjar njóta 15m friðhelgi skv. 22. grein laga um menningarminjar 2012 nr. 80.

Einar Ísaksson
Minjavörður Vestfjarða
einar@minjastofnun.is

1. Minjastofnun fer fram á að 15m friðhelgi minjanna verði virt.
2. Minjastofnun fer fram á að allar minjarnar á Þúfneyri verði merktar og afmarkaðar á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur svo þær hljóti ekki skaða af. Fornleifar 3575-002 (hleðsla) og 3575-005 (gata) eru í sérstakri hættu skv. núverandi deiliskipulagi.
3. Hleðsla 375-002 er ofan í væntanlegum göngustíg: Minjastofnun fer fram á að göngustígnum verði hliðrað til svo að minjarnar skemmist ekki. Eins ber að merkja minjarnar og afmarka á meðan á framkvæmdum stendur.

4. Gata 3575-005 virðist skv. áætlun fara að hluta til undir nýjan veg og göngustíg. Stofnunin fer fram á að götunni verði þyrmt og hún ekki skemmd frekar en orðið er og að vegstæði og göngustíg verði háttað þannig að gamla gatan hljóti ekki skaða af. Eins ber að merkja minjarnar og afmarka á meðan á framkvæmdum stendur.

Þá er bent á að minjarnar á svæðinu mynda heild og segja sögu eyrarinnar, og svæðisins. Tilvalið væri að skipuleggja svæðið með það til hliðsjónar og gera minjunum og sögu eyrarinnar hátt undir höfði.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfullt,

Einar Ísaksson
Minjavörður Vestfjarða

Afrit sent: Vesturbyggð

